



LÖGGILDINGARSTOFA

Rafmagnsöryggi • Faggilding • Markaðsgæsla • Mælifræði • Lögmaelifræði

A Governmental Agency for:
Electrical Safety
Accreditation
Market Surveillance
Metrology
Legal Metrology

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/1892
komudagur 12.4.2002

TILV. YÐAR
Your ref.

BRÉF YÐAR DAGS.
Your letter dated
5. apríl 2002

TILV. VOR
Our ref.
50.11

DAGS.
Date
12. apríl 2002

Vísað er til bréfs yðar, dags. 5. apríl sl., varðandi umsögn Löggildingarstofu um frumvarp til laga um vörur unnar úr eðalmálmum, 620. mál.

Löggildingarstofa fagnar því að þetta málefni er komið til umfjöllunar á Alþingi, enda er hér verið að lögfesta reglur um verðmæta málma og er í senn neytendavernd og ekki síður til hagsbóta fyrir útflutning á eðalmálmum til landa þar sem hliðstæðar reglur gilda og hér er ætlunin að setja. Starfsmenn Löggildingarstofu komu að samningu frumvarpsins á vinnslustigi og hafa jafnframt kynnt sér löggjöf og fyrirkomulag þessa málaflokks á Norðurlöndum.

Í III. kafla frumvarpsins er mælt fyrir um hlutverk Löggildingarstofu vegna eftirlits stofnunarinnar með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Löggildingarstofa vill taka fram, að stofnunin hyggst ekki beita viðameira eftirliti en efni standa til, enda liggur ábyrgðin hjá þeim sem frumvarpið nær til.

Virðingarfyllst,